



Valáfangar í 10. þækk Skólaárið 2011-2012



Námsskipan og valáfangar í 10. bekk skólaárið 2011-2012

Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara.

Miðað er við að nemandi í 10. bekk hafi 37 kennslustundir á stundatöflu á viku. Allir nemendur stunda nám í kjarnagreinum sem eru samtals 32 kennslustundir. Nemandi velur því 5 kennslustundir til viðbótar. Hver valgrein er ein eða tvær kennslustundir á viku.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær fjölmörgu valgreinar sem verða í boði í Njarðvíkurskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn tekinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. **Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.**

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

Nemendur eru beðnir að skila undirrituðum valblöðum til umsjónarkennara í síðasta lagi miðvikudaginn 18. maí 2011.

Með kveðju.
Skólastjórn.

Valgreinar sem kenndar eru allt árið

Íþróttir/þjálfun-í samvinnu UMFN

Þetta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hafa hlotið viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að hafa meðmæli frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Meðmælum skal skila á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á skrifstofu skólans.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Njarðvíkurskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Aðstoðarskólalastjóri/kennari hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Tónlistarnám-í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.

Markmið: Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónmenntakennara. Njarðvíkurskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Unglingadeildin Klettur fimmtudagskvöldum kl. 20:00 – 22:30

Björgunarsveitaval í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes.

9. bekkur byrjar að hausti og gefst síðan kostur á að sækja um að nýta þetta sem valgrein að á vorönn.

10. bekk gefst kostur á að nýta þetta sem heilsársval ef þau hafa verið virk í starfinu í 9. bekk.

Nemendur stunda nám í Unglingadeildinni Klettur og mæta á fundi á fimmtudagskvöldum kl. 20:00-22:30. Nemendur mæta jafnframt í dags- og helgarferðir 1 x 2 í mánuði. Nemendur mæta sjálfir þeim kostnaði sem tilfellur við ferðirnar, en honum er haldið í lágmarki og oftast koma nemendur sjálfir með nesti.

Markið: Að nemendur:

- verði sjálfstæðir einstaklingar.
- læri allt sem tengist útivist og ferðamennsku og fundið athafnaþrá sinni farveg.
- kynnist starfi björgunarsveita.

Námsmat: Umsögn um nemendur ásamt skráningunni lokið eða ólokið.

Nemendum gefst síðan kostur á 6 daga sumarnámskeiði á Gufuskálum.

Námsgreinar í boði hálftr árið

Jaðaríþróttir í samvinnu við Fjörheima

Kennt í Fjörheimum (88 húsinu) að kvöldlagi kl. 19:30-21:30.

Markmið: Að nemendur þekki meginatriði jaðaríþróttanna sem stundaðar eru jafnan í félagsmiðstöðvum og átti sig á inntaki hvernar íþróttar fyrir sig. Ásamt því að auka hreyfingu og tjáskiptatækni nemenda.

Kennslutilhögun: Meðal íþróttanna sem kynntar verða: borðtennis, skák, pílukast, þythokki, bandí, ballskák, félagsvist o.m.fl..

Viðfangsefni: Viðfangsefni valgreinarinnar er að læra reglur, tilgang og uppruna, íþróttarinnar, bæði með því að sækja sér fróðleik á veraldar-vefnum ásamt því að spila viðkomandi íþrótt.

Námsmat: Þátttaka í tímum og virkni 50% og ferilmappa 50%.

Athugið að þessi valgrein er kennda að kvöldlagi í Fjörheimum.

Á líðandi stundu „South park“

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur fjalli um og taki fyrir helstu málefni samfélagsins t.d. fordóma, hjónabönd samkynhneigðra, stofnfrumurannsókni.

Námstilhögun: Nemendur horfa á einn „South park“ þátt sem kveikju og skipta sér síðan í hópa þar sem málefni þáttarinnar er rætt. Nemendur fara síðan í heimildaöflun, einkum á netinu. Í næsta tíma eiga nemendur að kynna sitt innlegg, þar sem þeir tjá sínar skoðanir á málunum og rökstyðja sitt mál. Hver nemandi skilar minnst einni skriflegri blaðsíðu um málefnið eða hálfri vélritaðri blaðsíðu, þar sem fram koma rökstuddar skoðanir hans og tilfinningar til málsins.

Námsmat: Sjálfsmat (leiðarabók), þátttaka og frammistaða í tímum verður einnig metið.

Kennari: Yngvi Þór Geirsson

Energí og trú

Keflavíkurkirkja ætlar haustið 2011 að fara af stað með verkefnið **Energí og trú**.

Verkefnið **Energí og trú** samanstendur af námskeiðum sem þegar er komin góð reynsla af þar sem upp á þau hefur verið boðið. Tilgangurinn er að efla og hvetja ungt fólk á Suðurnesjum til sjálfstæðis og athafna. Áætlað er að hefjast handa um mánaðarmótin ágúst/september. Keflavíkurkirkja býður skólanum að taka þátt í þessu með því að bjóða upp á verkefnið **Adrenalín gegn fordómum** fyrir ungmenni á aldrinum 15-18 ára. Kennsla fer fram **Miðvikudaga kl. 15-17.30** og er byggt upp á eftirfarandi hátt: **Fræðsla, borðsamfélag, umræður/verkefni.**

Adrenalín hugmyndin byggir á því að hópur kemur saman með það að markmiði að eiga saman borðsamfélag, fá fræðslu gegn fordómum og finna adrenalínið sem felst í því að takast á við íslenska náttúru. Hópurinn vinnur náðið saman og einstaklingarnir læra smátt og smátt að bera traust hver til annars. Unnið er að fordómalausum samskiptum, sjálfsefningu og trausti á náungann.

Í upphafi annar verða útifundir þar sem tekist er á við náttúruna. Hver og einn leggur af stað með sinn bakpoka sem ekki inniheldur eingöngu nesti heldur einnig þá reynslu sem hver og einn hefur að leggja í verkefnið. Þátttakendur leggja af stað með það að markmiði að allur hópurinn nái því takmarki sem sett er t.d. að allir nái að ganga á topp fjalls, standi af sér rok og rigningu o.s.frv.

Fræðslustundirnar fara fram í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju. Þar er borðsamfélag þar sem þátttakendur sjálfir sjá um matargerð fá fræðslu, leysa verkefni og taka þátt í umræðum. Fræðslustundirnar miða að því að efla og styrkja einstaklingana, hópefli og að þátttakendur vinni gegn fordómum af ýmsum toga.

Adrenalín hefst miðvikudaginn 7. september og síðasta skiptið er 30. nóvember.

Farið verður í Adrenalínferð í október yfir helgi.

Umsjón með Adrenalín verkefninu hafa þær sr. Erla Guðmundsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir grunnskólakennari.

Námsmat: Virkni og þátttaka í verkefnum. Lokið/ólókið

Fornám ökunáms

Tvær kennslustundir á viku.

Námsefni: Kennslubókin Veganesti í umferðinni og vinnubók með henni.

Fræðslumyndbönd tengd umferðinni skoðuð og aukaefni frá kennara.

Markmið: Að nemendur læri umferðarlög og reglur ásamt því að kynnast grundvallaratriðum tengdum bílnum. Einnig að neminn átti sig á hve mikilvægt er að vera ábyrgur ökumaður. Að létta undirbúning fyrir hið eiginlega ökuþróf.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar kennara og verkefnavinna nemenda bæði í einstaklingsvinnu og í hóp. Kennslumyndbönd. Umferðin skoðuð frá ýmsum hliðum.

Námsmat: Verkefni og vinnubók metin ásamt virkni nemenda í kennslustundum. Eitt lokapróf í lok annar.

Kennari: Guðjón Sigbjörnsson

Glerbræðsla og leirlist:

Markmið: Nemendur tileinki sér að vinna með gler. Nemendur læra glerskurð, slípun, brennslu og fleiri grunnþætti. Unnin verða verkefni þar sem málað er á milli glerja, málað ofaná gler, pappírstækni á milli glerja, vírar, álpappír, blóm/jurtir auk þess verða útbúnar prufur að eigin vali sem hægt er að útfæra á stærri hluti. Útbúnar verða skálar, kertastjakar, myndir, standandi fígúrir, hálsmen/næla og fleira.

Auk þess munu nemendur tileinka sér að vinna með leir, aðallega steinleir. Nemendur munu læra tæknina á bak við leirvinnslu, auk þess verða mismunandi aðferðir við leirvinnslu kynntar. Einnig verður farið yfir meðferð glerunga. Í lok annar hafa nemendur gert handmótaða skál, skál með móti, verkefni með rúlluaðferð, búið til mót úr frauðplasti og hlutur mótaður eftir því, hlutur að eigin vali steiptur auk annarra sjálfstæðra verkefna.

Námsmat: Tekið er mið af verkefnum, vinnubrögðum, ástundun, áhuga og virkni.

Vinnubrögð og verkefni 60%

Umgengni og frágangur 15%

Hegðun og ástundun 25%.

Kennari: Kristín Hjartardóttir

Heimanám

Ein kennslustund á viku.

Nemendur sem eiga erfitt með heimanám geta valið að fara í heimanámstíma sem verður einu sinni í viku, þar sem kennari aðstoðar þá með heimanámið.

Námsmat: Frammistaða og vinna í tímum metin.

Kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir

Heimilisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum og þjálfvi verklega færni. Áhersla lögð á mikilvægi samvinnu.

Námsmat: Frammistaða og hegðun í tímum metin, gildir 50% af lokaeinkunn. Tvö verkleg próf á önninni, gilda 30% af lokaeinkunn, þríf á eldhúsi eftir tíma gildir 20%.

Kennari: Kristbjörg Eyjólfsdóttir

Hönnun og smíði

Tvær kennslustundir á viku.

Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt. Nemendur hanna einn eða fleiri hlut að eigin vali og ráðfæra sig við kennara um gerð hans. Í sameiningu meta nemendur og kennari síðan erfiðleika stig vinnunnar og skoða kostnaðinn sem fylgir. Endanleg ákvörðun um gerð hlutar er bundin því hvort til eru þau tæki í vinnustofunni sem þarf til að vinna hann, hvort nemandinn treystir sér til að vinna að verkefninu sjálfstætt og að kostnaðurinn sé raunhæfur.

Markmið: Að efla hugmyndaauðgi nemenda, kenna þeim sjálfstæð vinnubrögð, kynna fyrir þeim ólíkan efnivið, nemendur læri að beita verfærum á réttan hátt og temji sér góðan frágang.

Námsmat: Frammistaða í tímum er metin auk ástundunar og umgengi.

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Íslensku efling

Ein kennslustund á viku.

Markmið: Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem vilja dýpka þekkingu sína og skilning í málfræði, stafsetningu og bókmenntum. Nauðsynlegt er að nemendur hafi grunnþekkingu í þessum atriðum. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni yfir önnina sem þeir skila á mismunandi hátt.

Námsmat: Gert er ráð fyrir smærri verkefnum þar sem nemendur hafa ákveðið val varðandi úrvinnslu og skil. Ástundun og tímavinna gildir til einkunna.

Kennari: Anna Hulda Einarsdóttir

Ítalska

Ein kennslustund á viku.

Markmið:

- Að nemendur nái helstu undirstöðuatriðum ítölskunnar og geti átt einfalt samtali við ítölskumælandi einstakling
- Að nemendur geti spjarað sig á tungumálinu þegar þeir ferðast til landsins, t.d. spurt til vegar, bjargað sér á veitingastöðum o.s.frv.

- Að nemendur læri um menningu Ítalíu (matur, tónlist, menningarmunur norðurs og suðurs o.fl.)
- Að nemendur kynnist jafnt vinsælum sem óþekktum stöðum landsins frá norðri til suðurs.

Námsefni:

- Ljósrit útbúin af kennara. Nemendur þurfa að mæta með plastmöppu. Gott fyrir nemendur að hafa orðabók ef þeir hafa tök á því.

Kennslutilhögun:

- Verkefni í tíma
- Hlustað á tónlist
- Horft á myndbönd
- Umræður

Námsmat:

- Tvær kannanir úr orðaforða 30%
 - Ástundun, áhugasemi og þátttaka í tímum 70%
- Kennari: Íris Þórarinsdóttir

Íþróttافرæði I

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd. Stuðlað að því að nemendur geti sjálfir ræktað líkamann sinn sér til heilsubótar og ánægju. Lögð verður áhersla á verklegar æfingar.

Námsmat: Kannanir 50%, verkefni 20%, ástundun og vinnubrögð 30%.

Kennari: Þórir Rafn Hauksson

Íþróttافرæði II

Fyrir þá sem hafa verið í íþróttافرæði I

Íþróttافرæði II er valáfangi sem er 2 kennslustundir í viku, 1 bóklegur og 1 verklegur.

Í bóklega tímanum verður farið yfir helstu og stærstu vöðvahópa líkamans, t.d. nöfn og störf þeirra. Í verklega tímanum verður farið í hreyfingarfræði vöðvana, t.d.

hvernig lyftum við til þess að auka færni tiltekins vöðva.

Námsmat: Kaflapróf 50% og virkni í verklegum tímum 50%

Kennari: Þórir Rafn Hauksson

Kerta- / pappírsgerð og ullarbæfing

Tvær kennslustundir á viku.



Markmið: Að nemandi tileinki sér undirstöðuþekkingu í kertagerð og öryggisatriði við bræðslu og meðferð á heitu vaxi. Að kenna nemendum undirstöðuatriði í pappírsgerð. Að nemandinn læri að vinna með íslenska ull og kynnist eiginleikum hennar, fræðist um sögu ullarvinnslu á Íslandi og mikilvægi hennar á árum áður og sjái hvernig afurð verður til úr hráefni.

Námtilhögun: Kynntar verða tvær grunnaðferðir í kertagerð, að steypa kerti í mót og að endurvinna kertaafganga.

Námsmat: Frammistöðumat, verkmöppumat, ástundun og umgengni

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Legó- val

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

Þeir sem veljast í þetta val undirbúa þátttöku í Legókeppninni. Hugmyndafræði keppinnar er að nemandur læri að vinna saman og taka þátt í nýsköpun og framleiðslu á einhvers konar tæki sem gagnast samfélaginu. Á hverju ári er keppninni valið ákveðið þema til að vinna með.

Markmið með keppninni er að vekja áhuga grunnskólanema á vísindum og tækni ásamt því að byggja upp sjálfstraust þeirra, leiðtogaþæfni og lífsleikni.

Keppnin felst í eftirfarandi þáttum:

- Smíði á vélmanni úr tölvustýrðu LEGO og að forrita það til að leysa ákveðnar þrautir
- Rannsóknarverkefni
- Dagbók
- Skemmtiatriði

Námsmat: Frammistöðumat, sjálfsmat og mætingar

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Lestur /hraðlestur

Ein kennslustund á viku

Markmið: Lögð verður áhersla á að nemandur fái meiri áhuga á lestri. Að nemandur fái þjálfun í mismunandi lestraraðferðum, leshraðinn er mældur og kenndar aðferðir til að auka hann.

Námsmat: Framfarir í lestri og lesskilningi. Nemandur taka hraðlestrarpróf í upphafi og lok annar. Lestrardagbók og vinna í tímum metin til einkunna.

Kennari: Anna Hulda Einarsdóttir

Liðveisla

Ein kennslustund á viku

Markmið: Að nemendur fái innsýn í þau störf sem unnin eru í yngri bekkjum grunnskóla, frístundaskóla og leiksskóla. Nemendur aðstoða kennara og starfsmenn frístundaskólans með nemendum sem þar eru. Einnig fá nemendur möguleika á því að fara á leiksskólann Gimli þar sem þau fá innsýn í starfsemina þar.

Námsmat: Ástundun 30 % , sjálfstæð vinnubrögð 30%, virkni 30% og sjálfsmat 10%
Kennari: undir stjórn námsráðgjafa

Ljósmyndun og photo-shop myndvinnsla

Tvær stundir á viku. Nauðsynlegt er að nemendur í þessari valgrein hafi aðgang að myndavél

Námsþættir

- Farið verður ítarlega í myndbyggingu
- Margvíslegar myndatökur skoðaðar þ.e. portrett, landslags o.fl.
- Farið verður í grunnatriði photo-shop
- Grafísk hönnun skoðuð
- Farið verður yfir helstu stillingar stafrænnar myndavélar

Markmið

- Að vekja áhuga nemenda á ljósmyndun og myndvinnslu
- Að veita nemendum tækifæri til að þróa hugmyndir sínar
- Að nemendur þroski fagurfræðilegan skilning sinn á myndverki

Námsmat

- Vinnusemi, áhugi og frumkvæði (50%)

Verkefni *Nemendur búa til möppu með myndum sínum (50%)*

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Myndlist

Tvær kennslustundir á viku.

Formfræði, lítafræði, teikning/skissur. Leirmótun, þurrkferli, glerungar, steypa, gifs, vír/hænsnanet, tré, skúlptúrar, klippimyndir og ljósmyndun.

Námsmat: Ástundun og verkefni annarinnar metin til einkunnar.

Kennari: Eric Farley Hearn

Mósaík og bókband

Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Að nemendur læri grunntækni í bókbandi, læri að binda inn bækur með mismunandi aðferðum. Útbúin verður bók með grillpínum/tannstönglum, saumuð bók, bók með eingöngu brotum (ekkert lím, band eða annað), litlar og stórar bækur útbúnar. Auk þess verður útbúinn pappír til að nota í bækurnar, endurunninn pappír, jurtir notaðar í pappírsgerð og fl.

Auk þess að nemendur tileinki sér að vinna með gler, flísar og efni úr náttúrunni t.d. steina og skeljar. Nemendur læra glerskurð, klippa gler, fúga og fleiri grunnþætti tengt mósaíkgerð. Útbúin verður mynd, rammi eða spegill, hitaplatti, kertastjaki auk frjálsra verkefna. Verkefnin verða unnin eftir fyrirmyndum úr bókum eða teiknaðar af nemendum. Unnið verður með gler, flísar og hluti úr náttúrunni.

Námsmat: Tekið er mið af verkefnum, vinnubrögðum, ástundun, áhuga og virkni.

Vinnubrögð og verkefni 60%

Umgengni og frágangur 25%

Hegðun og ástundun 15%.

Kennari: Kristín Hjartardóttir

Prjónaáfangi.

Tvær kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur læri:

- ◆ Að fitja upp í prjóni
- ◆ Að prjóna einfalt munstur
- ◆ Að prjóna einfalda flík
- ◆ Að fella af í prjóni
- ◆ Að prjóna eftir uppskrift

Einnig er markmiðið að hafa gaman af að skapa hluti og njóta afrakstursins.

Námsefni : Prjónar, garn og prjónabækur/blöð

Í þessum áfanga er nemendum kennt hvernig hægt er að prjóna flíkur og svo verða einnig skoðuð ýmis myndbönd um prjón og prjónaskap.

Námsmat:

Verkefnið + vinnubrögð 50%

Vinna í tíma 20%

Sjálfsmat 15%

Mappa 15%

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Skák:

Skák er ein besta afþreying sem hægt er að stunda. Í þessu vali verður farið yfir undirstöðuatriðin í skák ásamt flóknari hlutum. Farið yfir skráningu skáka og tímaskákir.

Markmið:

- Kynna nemendum undirstöðuatriði í skák
- Þjálfar nemendur í skák
- Þjálfar nemendur í rökhugsun

Leiðir/kennsluáferðir:

- Farið yfir ýmis grunnatriði á töflu og skákborði
- Teflt í tíma og ótíma
- Skoðuð myndbönd

Námsgögn:

- Myndbönd
- Efni frá kennara unnið uppúr bókinni Skákkennsla fyrir byrjendur og lengra komna eftir Helga Ólafsson

Námsmat:

- Virkni nemenda 40%
- Mæting í tíma 40%
- Ýmis verkefni 20%

Kennari: Skúli Sigurðsson

Skrautskrift I:

Ein kennslustund á viku

Markmið:

- Að nemendur læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift.
- Að nemendur læri myndun lítilla stafa, stafagerð form þeirra og lögun.

Námsefni: Ljósritað efni frá kennara

Kennslutilhögun: Nemendur læra með tilsögn kennara að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tökum á beitingu verkfæra er farið í myndun lítilla stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

Námsmat: Yfir önnina safna nemendur öllum sínum verkefnum í svo kallaða nemendamöppu, ásamt bók sem er metin ásamt frammistöðu nemenda í tímum í lok annar.

Kennari: Kristbjörg Eyjólfsdóttir

Skrautskrift II:

Ein kennslustund á viku fyrir þá sem hafa verið í Skrautskrift I.

Markmið:

- Að nemendur læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift
- Að nemendur læri myndun stórra stafa, stafagerð, form þeirra og lögun.
- Að nemendur læri einfaldar skreytingar.s lykkjur og skyggingar.

Námsefni: Ljósritað efni frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendur læra með tilsögn kennara að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tökum á beitingu verkfæra er farið í myndun stórra stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift. Auk verkefni í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

Námsmat: Yfir önnina safna nemendur öllum sínum verkefnum í svo kallaða nemendamöppu, ásamt bók sem er metin ásamt frammistöðu nemenda í tímum í lok annar.

Kennari: Kristbjörg Eyjólfsdóttir

Skólahreysti: Undirbúningur fyrir skólahreystikeppnina. 2 kennslustundir í viku á haustönn þar sem farið er í þrautirnar sem eru í keppninni og færni nemenda aukin í þeim greinum.

Námsmat: Áhugi og virkni í tímum.

Kennari: Rafn Vilbergsson

Spænska:

Ein kennslustund á viku.

Markmið: Að nemendur tileinki sér grunnmálfræði í spænsku, geti lesið stutta texta og öðlist einfaldan orðaforða í spænsku

Kennsluhættir: Farið verður í nokkur grunnmálfræðihugtök. Stuttir textar lesnir og orðaforði byggður upp eftir því sem hægt er.

Námsmat: Vinna nemenda, frammistaða í tímum og kannanir

Kennari: Sara Kristjánsdóttir

Stærðfræði efling

Ein kennslustundir á viku.

Farið verður dýpra í námsefnið í stærðfræði og þeir nemendur sem vilja styrkja sig í þeim námsþáttum sem þeir þurfa eins og t.d. algebru, reikniaðgerðir og fl. geta það.

Unnið verður með einstaklinga sem og hópa. Einnig geta þeir nemendur sem eru í FS í stærðfræði 103 sem valgrein valið þennan áfanga þar sem kennarinn getur aðstoðað þau með verkefni skólans.

Námsmat: Frammistöðumat og verkefnavinna metið.

Kennari: Berglind Kristjánsdóttir

Textílmennnt (fatasamur)

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur vinni sjálfstætt og nýti sér áunna þekkingu á vinnubrögðum, vinnuferli og meðhöndlun á verkfærum og tækjum.

Námsefni: Hönnuð og saumuð flík að eigin vali eða endurnýtt og breytt gömul flík.

Ætlast er til að nemendur útfæri eigin hugmyndir. Kynnt íslensk textíliðja og textílhönnun. Nemandinn fái innsýn í mismunandi störf sem tengjast textílvinnu, handverki og hönnun.

Námsmat: Frammistöðumat / hugmyndavinna, verkmöppumat, jafningjamat og sjálfsmat, ástundun og umgengni.

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Umhverfislist (list og náttúra)

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið er að nemendur þrói sköpunarafl ásamt vistfræðilegri meðvitund.

Nemendur munu endurvinna náttúru efni og gerviefni. Í lok annar skipuleggja nemendur sína eigin sýningu sem alvöru umhverfislistamenn.

Kennslutilhögun:

- Vistfræðileg ganga um náttúruna til að safna náttúrulegu efni og gerviefni
- Spjall um umhverfislist, og tekin dæmi um listamenn.
- Tækni sem verður notuð: collage, assemblage, plast og málm mótun, málung og teikning.
- Áhersla verður á listræna notkun mismunandi efna og tækni.
- Dæmi um endurunnið efni: pappír, plast, málmur og fl...
- Listabækur og myndir notaðar.

Markmið:

- Að nemendur kynnist alþjóðlegum listamönnum og fái dæmi um samtíma umhverfislist
- Að nemendur læri að hanna og búa til tvívið og þrívið listaverk með endurunnu efni.
- Að nemendur æfi hugmyndaflugið og sköpunar hæfileika.
- Að nemendur læri að sýna ábyrga umgengni um náttúruna í gegnum listina.

Námsmat:

Vinnubrögð 50%, verkefni 50%

Kennari: Silvía V. Björgvinsdóttir

Upplýsingatækni

1.Stuttmyndagerð / 2.Notkun forrita

Tvær kennslustundir á viku.

UT1/UT2:

Nemendur velja milli þess að gera stuttmynd á önninni (UT1) eða dýpka kunnáttu sína í word, excel powerpoint o.fl. forritum (UT2) með hliðsjón af notagildi þeirra við væntanlegt framhaldskólanám.

UT1: Stuttmyndagerð.

Námlýsing:

Nemendur vinna vinna stuttmynd frá grunni, þ.e. skrifa handrit (í google docs), gera “storyboard” taka upp atriði, vinna með hljóð og hljóðupptökur og fullvinna myndina í tölvu. Efni myndarinnar er háð samþykki kennara.

Námsmarkmið:

Markmiðið er að nemendur læri undirstöðuatriði í meðferð upptökuvéla og notkun klippiforrita við myndvinnslu. Kunnátta nemenda í ritun nýtist vel við handritsgerð en

einnig reynir á frumkvæði, hugmyndaflug, skipulagshæfni og samvinnuhæfileika í verkefninu. Nemendur kynnist möguleikum Google við samvinnu í rauntíma og gagnageymslu auk annarra notkunarmöguleika sem Google býður upp á.

Námsefni:

Ljósritað efni frá kennara og námsefni af vef.

Verkefnaskil:

Nemendur skila a.m.k. einni fullgerðri stuttmynd ásamt leiðarbók (sjálfsmat) sem þeir fylla út í lok hverrar kennslustundar á önninni.

Námsmat

Verkefnaskil (50%), ástundun (50%)

UT2: Notkun forrita

Námslýsing:

Farið verður dýpra í notkun Word, Excel og Powerpoint auk fleiri forrita með hliðsjón af nýtingu þeirra við nám og störf í framtíðinni. Nemendur vinna valin verkefni í ofangreindum forritum og senda í tölvupósti til kennara.

Námsmarkmið:

Að nemendur kynnist ýmsum möguleikum í notkun tölvuforrita sem geti nýst þeim í framhaldsnámi. Að nemendur læri sjálfstæð vinnubrögð og að taka tillit til hugmynda annarra í samvinnu. Nemendur kynnist möguleikum Google við samvinnu í rauntíma og gagnageymslu auk annarra notkunarmöguleika sem Google býður upp á.

Námsefni:

Ljósritað efni frá kennara og námsefni af vef.

Námsmat

Verkefnaskil (50%), ástundun (50%)

Kennari: Hulda Hauksdóttir

Þýska

Ein kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur tileinki sér grunnmálfræði í þýsku, geti lesið stutta texta og öðlist einfaldan orðaforða í þýsku

Kennsluhættir: Farið verður í nokkur grunnmálfræðihugtök. Stuttir textar lesnir og orðaforði byggður upp eftir því sem hægt er.

Námsmat: Nokkur könnunarpróf verða á önninni. Ástundun og vinnusemi verða metin til einkunnar.

Kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir

Áfangar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á valfög í FS fyrir þá nemendur sem standa sig vel í námi. Í boði verður stærðfræði 103, enska 103 og kynning á rafmagnsfræði 103

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir 10. bekkingar sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Valáfangar í FS eru á miðvikudögum frá kl. 14:50 og þeim lýkur kl. 16:20.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf að tilkynna það með tölvupósti til Hönnu Maríu tengiliðar hanna@fss.is eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefni heima.
- Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir Skólinn og Skólareglur.

Enska 103 í FS:

Inntökuskilyrði: Nauðsynlegt skilyrði en ekki nægjanleg að vera með yfir 9 í ensku í 9. bekk.

Kennt í FS á miðvikudögum 14:50 – 16:20

Málfræði og orðaforði

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka.

Stærðfræði 103 í FS

Inntökuskilyrði: Nauðsynlegt skilyrði en ekki nægjanlegt að vera með yfir 9 í

stærðfræði í 9. bekk.

Kennt í FS á miðvikudögum kl. 14:50 – 16:20

Jöfnur, rúmfræði og hlutföll

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Meginviðfangsefnin eru á sviði rúmfræði en jafnframt er talnameðferð rifjuð upp og jöfnur. Fjallað er um nokkur hugtök evklíðskrar rúmfræði og hlutverk hennar í vestrænni menningu, hnitakerfið og jöfnu beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum. Auk styttri verkefna vinni nemendur a.m.k. eitt samvinnuverkefni eða stutta ritgerð, t.d. um rúmfræði í sögulegu eða menningarlegu samhengi.

Kynning á rafmagni – RAL 103

Kennt í FS á miðvikudögum kl. 14:50 – 16:20

Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og rafmagnsverkfærum. Fjallað er um framleiðslu raforku og hvernig henni er dreift. Fjallað er um efni, efnisfræði og búnað í minni neysluveitum. Nemendur fá æfingu í að leggja lagnir í tiltekið lagnarými. Þá læra þeir að lóða með lóðbolta og að setja saman einfalt rafeindatæki. Hluti námsins er bóklegur með skriflegum prófum.

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í íslensku, handavinnu og ástundun til að geta sótt þetta valfag.

Frá grunnskóla til framhaldsskóla

Framhaldsskólar eru mikið stökk fyrir flesta, sumir eru tilbúnir en aðrir hræddir við að fara í skólann. Skólinn er mun stærri en grunnskólinn og kennslan er öðruvísi. Hver nemandi tekur ábyrgð á sínu námi, þar eru glærur og fleira settar inn á Innu en nemandi sjá sjálfir í flestum tilvikum um að skrá heimavinnu sína og kaflapróf hjá sér og verða að muna eftir því. Nemendum er úthlutað umsjónarkennari sem þeir hitta nokkrum sinnum yfir önn í umsjón, þar er farið yfir mætingu, val fyrir næstu önn og fleira.

Námstækni til árangurs

Til að ná árangri í framhaldsskóla þarf að kunna námstækni, það þarf að læra að læra. Það er mikilvægt að vera skipulagður og hafa yfirsýn yfir allt nám sitt. Ég hvet ykkur eindregið til að fara í námstækni og læra hvernig á að læra og glósa. Mikilvægt að lesa jafnt og þétt yfir alla önnina, hjálpar mikið þegar próftíminn kemur. Námstækni hjálpar ykkur og engum öðrum en aðeins ef þið viljið nýta ykkur hana. Nýtið ykkur það sem er í boði í framhaldsskólum og einnig hér í Njarðvíkurskóla. Þið eigið öll að eiga litla rauða bók sem þið fenguð í haust um námstækni, hún getur hjálpað mikið.

Hvernig er metið inn í framhaldsskóla?

Nú er ekki stuðst við einkunn úr samræmdum prófum sem eru að vori eins og var hér áður fyrr þegar metið er inn í framhaldsskóla. Sú einkunn sem tekin er núna þegar meta á viðkomandi hvort hann komist inn í framhaldsskóla er vetrareinkunn úr 10. bekk. Þá er verið að skoða einkunn yfir allan veturinn, það eru verkefni, próf, heimalærdómur og allt sem er tekið með inn í reikninginn. Nemendur fá einkunn fyrir haustönn og svo aftur fyrir vorönn og eru þær einkunnir settar saman og deilt með tveim til að finna út lokaeinkunn. Mikilvægt að muna að nemendur eru metnir allt frá fyrsta skóladegi til þess síðasta, það er mikilvægt að vinna jafn og þétt yfir allan veturinn.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla

Inntökuskilyrði eru misjöfn eftir skólanum og eru nú svokallaðir heimaskólar sem nemendur sem útskrifast úr tilteknum grunnskóla eiga í raun rétt á að fara í. Hér er það FS. Hver heimaskóli ber að taka inn 40% af nýnemum sem eru að koma úr hans skólahverfi, það er nýnemar sem eru að útskrifast úr grunnskólum í hverfi framhaldsskólans.

Taka skal fram að öllum undir 18 ára en tryggð skólavist af menntamálaráðuneytinu en þá er það sá skóli sem enn hefur pláss og getur tekið við fleirum.

Næsta vor eða í apríl eiga nemar að velja í forvali þá skóla sem þeir hyggjast sækja um. Valið er skóli 1 og þar aðalbraut og varabraut. Síðan er valinn skóli 2 og þar aðalbraut og varabraut. Það er mikilvægt að skoða inntökuskilyrði í þá skóla og þá

braut sem þið hyggist fara á. Inntökuskilyrði eru misjöfn eftir brautum og má sjá á heimasíðum skólanna.

Hjá FS eru inntökuskilyrðin þessi

Verknám eins og húsasmíði, rafvirkjun	Skólaeinkunn - lágmark
Íslenska	5
Stærðfræði	5

Inntökuskilyrði á stúdentsbrautir (lágmarksskólaeinkunn)

	Íslenska	Stærðfræði	Enska
Félagsfræðabraut	6	5	6
Málabraut	6	5	6
Náttúrufræðibraut	6	6	5
Viðskipta- og hagfræðibraut	6	6	5

Einnig er nemum skipt í áfanga eftir einkunnum úr grunnskóla í bóknámsfög

Röðun í áfanga - Grunnskólaeinkunn

Hraðferð 103	Einkunn 8 til 10
Hægferð 102	Einkunn milli 5 og 8
Upprifjun 193	Einkunn undir 5

Misjöfn inntökuskilyrði eru eftir skólum. Einnig er vert að benda á að þau inntökuskilyrði sem eru á heimasíðum framhaldsskólana eru þau sem miðað fyrir heimaskólanemendur. Vinsælir skólar eins og MR, Kvennaskólinn og fleiri eru með önnur inntökuskilyrði fyrir nemendur utan heimaskólasvæðis. Dæmi meðaleinkunn í fyrra fyrir þá sem komust inn í MR var 8,7 og Kvennó var 8,8 á náttúrufræði og 8,3 á félagsfræði- og hugvísindasvið.

Athygli er vakin á því að heimaskólar eiga ekki við um þær brautir sem einungis eru kenndar á fámennum stöðum eins og til dæmis bakarinn í MK, Heilbrigðisritarabraut í FÁ. Hér eru ákveðin fjöldi af sætum laus og raðað í þau eftir einkunnum og allir eiga jafna möguleika óháð búsetu.